© Translations published on http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/domareifanir_pdf
Permission to re-publish this translation has been granted by http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/en/node/201
for the sole purpose of its inclusion in the Court's database HUDOC.

Alfantakis gegn Grikklandi
Dómur frá 11. febrúar 2010
Mál nr. 49330/07
10. gr. Tjáningarfrelsi
Ærumeiðingar. Opinberir starfsmenn. Ummæli lögmanns um saksóknara.

1. Málsatvik

Kærandi, Georgios Alfantakis, er grískur ríkisborgari, fæddur árið 1939 og búsettur í Aþenu. Hann var lögmaður AV, þekkts grísks söngvara, í máli sem hlaut talsverða fjölmiðlaathygli. Í því hafði söngvarinn sakað eiginkonu sína, SP, um svik, fölsun og notkun falsaðra gagna sem leitt hefði til fjártjóns fyrir ríkið sem næmi meira en 147.000 evrum. Á grundvelli tilmæla saksóknara í Aþenu, DM, var ákveðið að höfða ekki mál gegn SP. Kærandi kom fram í fréttaskýringaþætti á þessum tíma þar sem hann tjáði skoðanir sínar á málinu. Þar viðhafði hann þau ummæli að honum hefði verið hlátur í huga þegar hann hefði lesið skýrslu saksóknarans sem væri skáldsagnakennt álit sem sýndi vanvirðingu saksóknarans fyrir umbjóðanda sínum.

Saksóknarinn höfðaði mál á hendur kæranda og krafðist bóta vegna ærumeiðandi ummæla. Í undirrétti var kæranda gert að greiða honum skaðabætur og voru þær hækkaðar á áfrýjunarstigi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi vísaði til þess að með áfellisdóminum sem hann hlaut um ærumeiðandi ummæli hefði verið brotið í bága við tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Hann hélt því einnig fram að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. hans þar sem niðurstöðu áfrýjunardómstólsins hefði skort rökstuðning.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði frá kröfum um að taka til skoðunar meint brot á 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. sáttmálans. Að hans mati tengdist skoðun á fyrra ákvæðinu náið þeirri skoðun sem viðhafa þyrfti um meint brot á 10. gr. Hvað varðaði 13. gr. var það mat dómstólsins að innlendir dómstólar hefðu rökstutt niðurstöðu sína með fullnægjandi hætti. Hvað varðar 10. gr. var ekki deilt um að takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda hefði byggst á lögum og að hún hefði stefnt að lögmætu markmiði, þ.e. að vernda mannorð annarra.

Dómstóllinn féllst á það sjónarmið að ætlast mætti til þess að lögmenn, sem milliliðir í samskiptum almennings og dómstóla, hefðu rétt til að tjá sig opinberlega um framgang mála í réttarkerfinu en þó upp að vissu marki. Í umræddu máli væri hins vegar ekki hægt að líta fram hjá því að ummæli kæranda hefðu beinst að opinberum starfsmanni réttarvörslukerfisins og að þau sköpuðu hættu á að rýra faglega ímynd hans og traust almennings á virkni réttarkerfisins.

Á það bæri hins vegar að líta að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki fullvissað sig um hver raunveruleg þýðing ummæla kæranda voru heldur hefði hann lagt eigið mat á það. Við það hefði áfrýjunardómstóllinn beitt huglægu mati og þar með hætt á að túlka þau með öðrum hætti en raunveruleg ætlun kæranda hafði verið. Áfrýjunardómstóllinn hafði jafnframt ekki greint á milli staðreynda og gildisdóma og hafði í staðinn ákvarðað upp á eigin spýtur áhrifin sem ummælin um hlátur og skáldskap hefðu haft. Að auki hefði verið litið fram hjá allri þeirri fjölmiðlaumfjöllun sem málið fékk og því að með framkomu sinni í fjölmiðlum hefði kærandi væntanlega ætlað að tala máli umbjóðanda síns fremur en að kasta rýrð á saksóknarann. Loks hefðu innanlandsdómstólar ekki litið til þess að ummælin voru sett fram í beinni útsendingu og þar af leiðandi ekki verið hægt að umorða þau.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans. Með vísan í 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.939 evrur í skaðabætur.